

**Stjórnarfundur í Húsakynnum bs. haldinn mánudaginn 11. nóvember 2014 kl: 08,30 á Laugalandi.**

**Mættir: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Björgvin G Sigurðsson, Steindór Tómasson og Guðmundur Einarsson:**

**1. Fjárhagsáætlun 2015:**

Gert er ráð fyrir heildartekjum að fjárhæð kr. 13.500.000 og greiðsluafgangi upp á kr. 48.000. Áætlunin var samþykkt samhljóða.

**2. Viðhald húseigna:**

Ákveðið var að láta mála íbúðir að Giljatanga 1 og 3 að innanverðu, samkvæmt tillögu frá Bjarna Matthíassyni hjá Eignaumsjón Ásahrepps og Rangárþings ytra. Einnig var ákveðið að setja nýtt parket á þrjú svefnherbergi í Fossöldu 1 og skal það framkvæmt á árinu 2015. Þá var ákveðið að veita leigjanda í Giljatanga 5 afslátt af húsaleigu, sem nemur einum mánuði, þar sem leigjandi hafði ekki afnot af nema hluta íbúðarinnar er viðhaldsframkvæmdir stóðu yfir á árinu 2013.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.  
Guðmundur Einarsson, fundarritari